

**Aðalfundur í Fjarskiptum hf.**  
**22. mars 2018**

Fimmtudaginn 22. mars 2018 kl. 16.00 síðdegis er haldinn aðalfundur hjá Fjarskiptum hf. í höfuðstöðvum félagsins að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík.

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður, setti fundinn og kynnti tillögu tilnefningarnefndar um Kristinn Hallgrímsson hrl. sem fundarstjóra. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins.

Fundarstjóri gerði tillögu um Ragnheiði Þorkelsdóttur hdl. sem fundarritara. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lýsti yfir að boðað hefði verið til aðalfundar félagsins með þeim hætti sem lög og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Fundurinn hafi verið auglýstur í Kauphöll og dagblöðum, fyrsta auglýsing í Kauphöll var 21. febrúar 2018 og fyrsta auglýsing í dagblöðum hinn 22. febrúar 2018. Hlutaskrá félagsins liggur fyrir fundinum og samkvæmt henni er mætt fyrir 37 hluthafa af 214 sem hafa að baki sér 64,98% hlutafjár. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmæti hans að öðru leyti. Fundurinn skoðast því lögmætur.

Að því búnu var gengið til dagskrár:

**1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári**

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður, fór yfir skýrslu stjórnar.

Heiðar kvað fyrirtækið hafa tekið miklum breytingum að undanfögnu. Kaupin á eignum frá 365 miðlum hafi loks gengið í gegn í lok síðasta árs, sem hafi miklar breytingar í för með sér fyrir félagið. Hann taldi mikilvægt í þeim geira sem félagið starfar að vera ávallt vakandi fyrir nýjum tækifærum. Taldi hann aðalstyrkleika félagsins felast í frábæru starfsfólki og sterkum innviðum sem nýttust mjög vel. Hann benti á að ef horft væri á skipulag fyrirtækisins eins og það lítur í dag mætti ætla að um 20. aldar fyrirtæki væri að ræða með síma og sjónvarp, en raunin væri hins vegar önnur, þessar þjónustuleiðir bæru enn sömu nöfn en eðli þeirra væri allt annað.

Heiðar fékk nýlega birta grein í Financial Times þar sem hann fjallaði m.a. um fjórðu lönbyltinguna. Það væri fróðlegt að líta til þess að bakbein slíkrar byltingar væri sá geiri sem fyrirtækið starfar í. Sagði hann samstarfsverkefni félagsins um nýtt stórnotenda gagnaver í Reykjavík vera áhugavert til framtíðar. Benti hann fundarmönnum á að þau gögn sem urðu til í gagnaverum á síðustu tveimur árum væru meira magn en hafi orðið til í mannkynssögunni fram að því. Þá tók hann sem dæmi að skiptin sem lagið Despacito hafi verið spilað á YouTube telji yfir 5 milljarða. Kolefnisspor lagsins sé því orðið á við 40.000 leigubíla, en í New York nái fjöldi leigubíla ekki einu sinni 15.000 til samanburðar við þann gríðarlega fjölda sem hér um ræðir. Þessi umræða um vistvæn gagnaver er rétt að byrja. Við búum yfir gríðarlega sterkri landlegu, sterkum og góðum kerfum, sem geta búið til öfluga stöðu á 21. öldinni að mati Heiðars.

Til marks um öfluga alþjóðavæðingu benti Heiðar á að breytingar hafi orðið á hluthafalistanum. Inn hafi komið öflugur erlendur hluthafi þrátt fyrir að listinn hafi ekki mikið breyst að öðru leyti. Hluthafahópurinn væri stöðugur og þakkaði Heiðar hluthöfum það traust sem þeir hafa sýnt félaginu.

Heiðar nefndi að oft væri talið nauðsynlegt að gera reglulegar breytingar á stjórnnum félaga. Félagið hafi tekið upp tilnefningarnefnd til að undirbúa vandlega stjórnarkjör. Niðurstaða þeirrar nefndar væri að gera ekki breytingar á stjórninni núna, ekki hvað síst vegna þessara stóru viðskipta um eignir 365

miðla sem ekki er fyllilega lokið og vegna þess að félagið er að nokkru leyti að færa sig inn á nýtt starfssvið.

Heiðar kvað hluthafa, stjórn og starfsfólk geta verið stolt af árangri félagsins og taldi hann félagið vera eitt mest spennandi fyrirtæki sem hægt væri að taka þátt í hér á landi.

Fundarstjóri þakkaði stjórnarformanni fyrir skýrslu sína og opnaði mælendaskrá um skýrslu stjórnar. Enginn kaus að taka til máls.

## **2. Ákvörðun um hvernig skuli fara með hagnað félagsins á reikningsárinu 2017**

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar:

*„Stjórn leggur til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2017, en vísar að öðru leyti til ársreiknings hvað varðar ráðstöfun á hagnaði ársins og breytingu á eigin fé.“*

Fundarstjóri kvað skýringu á tillögu stjórnar augljósa í ljósi þeirra fjárfestinga sem átt hafi sér stað síðustu mánuði með kaupum félagsins á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf.

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn óskaði eftir að taka til máls. Tillagan var borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða.

## **3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar**

Fundarstjóri gaf næst Stefáni Sigurðssyni, forstjóra félagsins, orðið til að fara yfir ársreikning og rekstur félagsins á síðasta ári.

Stefán opnaði umfjöllun sína á að nefna hversu ánægjulegt væri að taka á móti hluthöfum nú í nýjum húsakynnum félagsins.

Stefán fór yfir lykiltölur rekstrar ársins 2017. Tekjur voru 14.268 m.kr. og jukust um 4% frá árinu 2016. Hagnaður tímabilsins var 1.086 m.kr. eða 8% meiri en árið áður. Að teknu tilliti til einkisþjónsþjóns vegna kaupanna hefði hagnaður verið 1.247 m.kr. eða 21% hærri en árið áður. Þegar rýnt er í tekjur félagsins eftir starfsþáttum sést að nokkrar breytingar eru að eiga sér stað. Mikil samkeppni er á farsímamarkaðnum og dragast tekjur af þeim starfsþætti saman, roan like home var líka mikil breyting fyrir markaðinn. Í desember komu áhrifin af rekstri 365 miðla inn og auka tekjur af fjölmiðlun. Vörusala lækkar en nánast eingöngu vegna heildsölu sem ekki var mikil framlegð af.

Kaup á eignum og rekstri 365 hafa áhrif á efnahagsreikning félagsins. Yfirteknir fastafjármunir eru 407 m.kr., yfirteknar óefnislegar eignir og viðskiptavild 8.172 m.kr. og yfirteknar dagskrárbirgðir 1.263 m.kr. Eignir félagsins eru samtals 25.376 í árslok 2017 og aukast um 10.690 m.kr. eða 73%. Skuldamegin sést að hlutafé félagsins hækkar um 2.111 m.kr. vegna kaupanna og stendur eigið fé félagsins í 10.131 m.kr. í árslok 2017. Vaxtaberandi skuldir hækka um 6.071 m.kr. vegna kaupanna og standa í 10.732 m.kr. í árslok 2017. Langtímaskuldir eru samtals 10.925 m.kr. Yfirteknar viðskiptaskuldir og fyrirfram innheimtar tekjur eru 1.543 m.kr. vegna kaupanna og eru skammtímaskuldir í árslok samtals 4.320 m.kr. Eigið fé og skuldir eru samtals 25.376 m.kr.

Kaupin hafa mikil áhrif á sjóðstreymi félagsins. Frjálst fjárflæði lækkar um 53% milli ára en Stefán telur víst að það aukist aftur þegar búið verður að ljúka sameiningu fyrirtækjanna.

Stefán gerði þá grein fyrir lykilmælikvörðum efnahags. Eiginfjárhlutfall var í árslok 2017 39,9%, sem væri skemmtileg staðreynd þar sem markmið félagsins er 40%. Hreinar vaxtaberandi skuldir eru 11,0 ma. kr., veltufjárhlutfall 1,2 og vaxtaberandi skuldir á móti EBITDA skjótast upp í 3,5 í árslok 2017 en voru 1,8 í árslok 2016. Benti hann fundarmönnum á að allar skuldir vegna kaupanna væru komnar inn

í ársreikninginn en aðeins tekjur af einum mánuði. Taldi hann þetta hlutfall verða fljótt að breytast þegar tekjur koma á móti skuldunum.

Næst fór Stefán yfir að markaðurinn hafi ekki verið neinn dans á rósum. Lækkarir hafi orðið á fjarskiptþjónustu, sem þeir vissulega gleddust með viðskiptavinum sínum yfir að fá þjónustuna á lægra verði. Þá hafi launavísitala verið að hækka. Taldi hann að stjórnendur og starfsmenn félagsins hafi gert vel með því að auka samt sem áður EBITDA félagsins við þessar aðstæður. Vildi hann draga fram að aukning hefur orðið í sjónvarpstekjum félagsins undanfarin ár en sjónvarpsþjónusta hefur verið söluvara hjá félaginu frá 2014. Félagið sé því ekki að koma alveg nýtt inn á þann markað með kaupum á eignum og rekstri frá 365. Líta forsvarsmenn félagsins á þau kaup sem áframhald af því sem félagið hefur verið að sinna.

Stefán kvað forsvarsmenn félagsins stolta yfir því að búa að trausti hluthafa, en hlutabréf félagsins hafa hækkað í tengslum við kaupin. Starfsemi félagsins byggji á skýrri stefnu og innleiðingu. Stefnustoðirnar séu hlutverk, sýn, gildi og stefna. Bæði þurfi þannig að verjast og sækja á sama tíma. Umrædd stefna hafi verið í gildi hjá félaginu frá árinu 2015 og liggi að baki því sem hefur verið gert og kaupunum á eignum 365. Þá gerði hann grein fyrir því að mikil áhersla væri lögð á gæðastarf og nútímalegar stjórnunaraðferðir í rekstri félagsins. Fyrirtækið væri mjög stolt af hvatningarverðlaunum jafnréttismála sem sýni að um faglegt og nútímalegt fyrirtæki er að ræða.

Kaupin á á eignum 365 miðla eru bein afleiðing af stefnu félagsins, kaupin stækka fyrirtækið og áhættudreifa að vissu leyti. Þannig fara tekjur af fjölmiðlum úr 11% í 40% af heildartekjum félagsins. Horfur fyrir nýtt sameinað félag eru góðar og er markmið að vera komin yfir 5 ma. kr. EBITDU árið 2020. Reksturinn er á fullri ferð og ekkert óvænt hefur komið upp sem ætti að koma í veg fyrir að félagið næði þessum árangri. Fjárfestingarhlutfall verður á bilinu 8-10%, en fjárfestingar tengdar sameiningu eru áætlaðar á árinu, t.a.m. flutningar starfsemi og samþætting kerfa. Eftir 2018 er áætlað miðað við núverandi starfsemi að fjárfestingarhlutfallið lækki hratt í um 8% af tekjum miðað við núverandi rekstur.

Stefán gerði fundarmönnum grein fyrir því að um öflugt sameinað fyrirtæki væri að ræða. Sameinað fyrirtæki á mánaðarlegt áskriftarsamband við yfir 100 þúsund viðskiptavinum, 63 þúsund sjónvarpsáskriftir eru innheimtar í hverjum mánuði, 38% hlutdeild í interneti skv. síðustu tölum PFS, um 31% hlutdeild í farsíma skv. síðustu tölum PFS og öflug sjónvarpsdreifing til allra landsmanna. Um fjölbreytta og mikilvæga fjölmiðlastarfsemi væri að ræða. Þannig hefði fréttastofa Stöðvar 2 leikið mikilvægt hlutverk fyrir landsmenn síðustu áratugi, staða á útvarpsmarkaði væri mjög sterk, Vísir hefði verið besta efnis- og fréttaveitan árið 2017 og fyrirtækið væri lykilaðili í framleiðslu og kaupum á íslensku dagskrárefni. Um væri að ræða sterkustu íþróttframleiðslueiningu landsins þar sem efnisframboð væri á heims mælikvarða, í janúar hafi verið endursamið við UEFA og La Liga til ársins 2021 og fyrir lægi réttur fyrir Þjóðardeildina 2018 og Evrópukeppni landsliða 2020. Þetta einstaka efnisframboð félagsins væri stutt með tæknilegri afhendingu.

Fleira gerðist á árinu 2017 og upplýsti Stefán hversu mikilvægt það hafi verið að geta gert samning um þetta stórkostlega húsnæði að Suðurlandsbraut 8 og lækkað kostnað á móti. Gæði húsnæðis væru mun betri og starfsfólk afar ánægt í nýjum húsakynnum.

Stefán kvað mikið vera í deiglu en stafræn bylting væri löngu hafin hjá fyrirtækinu. Taldi hann þá byltingu vera eitt af stærstu tækifærum félagsins til að einfalda og ná niður kostnaði. Nefndi hann sem dæmi þróun á símtölum í þjónustuver félagsins sem hefur fækkað umtalsvert síðustu árin. Stefán sagði félagið stöðugt vera að styrkja kerfi sín. 4G fór í loftið árið 2013 þar sem áhersla var á sumarhúsabyggðir og Eyjafjörðinn, 2013-2014 hafi áhersla verið lögð á höfuðborgarsvæðið, 2015-2016 hafi áhersla verið á dreifingu 4G um allt land og út á haf, 2017-2018 hafi verið áhersla á aukinn hraða og afkastagetu í 4G

um allt land og nái núverandi net til 98% landsmanna. Aukin áhersla á að senda út á hafið hafi leitt til þess að nú væru um 30 útgerðir í viðskiptum við félagið en engin útgerð hafi verið í viðskiptum á árinu 2014.

Stefán sagði að margir áttuðu sig ekki á félagið væri með meira en 50% af stærstu fyrirtækjum landsins í viðskiptum. Telur félagið mikil tækifæri í þessari stöðu til næstu ára, t.d. með tilkomu gagnaversins. Tækifæri geti einnig legið í því að þróa nýjar lausnir fyrir viðskiptavinum svo þeir geti náð enn betri árangri. Hluti af samfélagsábyrgð fyrirtækisins væri enda að taka þátt í nýsköpun. Félagið starfi sem hluti af alþjóðlegri heild og leggi mikla áherslu á að alþjóðlega nálgun og lausnir til sinna viðskiptavina. Félagið leggi mikla áherslu á að styðja og vinna með íslenskum frumkvöðlum og nýsköpunarfyrirtækjum bæði sem hluta af samfélagslegri ábyrgð sinni og vegna þess að það telji að það nái meiri árangri í sínum rekstri.

Tækifæri eru til þróunar byggðri á IoT neti Vodafone Group. Félagið er í samstarfi við nýsköpunarfyrirtækið Controlant og Icelandair Cargo um þróun og sölu á rauntímaskynjara fyrir vöktun hitastigs. Hentar þessi tækni vel við flutning á viðkvæmum varningi, s.s. fersku sjávarfangi. Um er að ræða stöðugar mælingar í rauntími og miðlun upplýsinganna yfir fjarskiptanet. Stefnt er að frekari uppbyggingu á NB-IoT og undirbúningi fyrir 5G á árunum 2019-2020. Tæknin felur í sér að SIM-kortum er komið fyrir í ýmsum tækjum, t.d. mælum sem ekki þarf þá að lesa lengur af, snjallir ljósastaurar, snjöll stæði o.fl.

Stefán tæpti þá á samstarfsverkefni Vodafone, Opinna kerfa, Reiknistofu bankanna og Korputorgs um byggingu nýs hátækni gagnavers sem Heiðar hafði áður komið aðeins inn á. Um er að ræða fyrsta stórnotenda gagnaverið innan Reykjavíkur og mun Vodafone nýta gagnaverið. Möguleikar eru á fjölbreyttri þjónustu fyrir innlenda viðskiptavinum Vodafone og að sækja erlenda viðskiptavinum. Stefán taldi að mikil tækifæri væru fyrir Ísland á sviði gagnavera.

Að lokum fór Stefán yfir að fyrir fundinum lægi tillaga um breytingu á nafni félagsins sem endurspeglaði breiðari starfsemi og stefnu. Með kaupnum væru að koma inn mörg ný vörumerki og mikið af sterkum fjölmiðlum. Telja forsvarsmenn félagsins að Fjarskipti, sem regnhlífabrand fyrir starfsemina, sé ekki lengur nógu lýsandi. Eftir mikla skoðun hafi verið ákveðið að taka upp gamalt og gott nafn, Sýn hf. Um væri að ræða gamalt fjölmiðlunarnafn, en ekki væri horft til þess þannig heldur frekar að það minni starfsmenn félagsins, viðskiptavinum og aðra á að horfa verði til framtíðar til að ná árangri í þessum geira. Sýn hf. mun þjóna sama tilgangi og Fjarskipti hf. hefur gert undanfarin ár. Unnið verði með þetta safn af vörumerkjum og starfsemi undir nýju yfirheiti. Forsvarsmenn félagsins telja þetta gæfuskref og að nafnið passi vel fyrir breytta starfsemi þess. Vonaði hann að hluthafar tækju vel í þessa breytingu og samþykktu tillögu um breytingu á samþykktum félagsins þessa efnis síðar á fundinum.

Fundarstjóri þakkaði Stefáni fyrir umfjöllunina og gaf orðið laust um ársreikning félagsins. Enginn kaus að taka til máls. Var ársreikningurinn borinn undir atkvæði fundarmanna og samþykktur samhljóða.

#### **4. Tillögu um breytingar á samþykktum félagsins, sem fela í sér:**

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögum stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins:

##### **a. Að nafnabreyta Fjarskipti hf.**

Lagt er til að firmanafni Fjarskipta hf. verði breytt og að félagið heiti Sýn hf. 1. gr. samþykktanna hljóði því svo:

*„Félagið er hlutafélag og nafn þess er Sýn hf.“*



#### **b. Að breyta tilgangi félagsins**

Lagt er til að tilgangi félagsins verði breytt þannig að 3. gr. samþykkt félagsins verði svohljóðandi:

*„Tilgangur félagsins er fjarskipta-, fjölmiðla- og upplýsingatæknistarfsemi og önnur skyld starfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfsemi, ásamt því að ávaxta fé það sem hluthafar hafa bundið í starfseminni með rekstri í félaginu og fjárfestingum í dóttur- og hlutdeildarfélögum.“*

Vegna kaupa félagsins á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla, sem og áherslu þess á upplýsingatækni, þykir rétt að breyta tilgangi félagsins þannig að hann taki til fjölmiðla- og upplýsingatæknistarfsemi, ásamt fjarskiptastarfsemi.

#### **c. Að tryggja lögbundin kynjahlutföll í einni atkvæðagreiðslu**

Lagt er til að í stað núgildandi 3. mgr. 17. gr. samþykkt félagsins komi:

*„Tryggt skal við stjórnarkjör, hvort sem er í aðal- og/eða varastjórn, að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Verði niðurstaða stjórnarkjörs á hluthafafundi með þeim hætti að skilyrði um kynjahlutföll séu ekki uppfyllt skal vikið frá atkvæðamagni með eftirfarandi hætti. Fyrstu fjögur sætin í stjórn félagsins skulu skipa þeir tveir karlar og þær tvær konur sem fá flest atkvæði í stjórnarkjöri. Fimmta sætið skal skipa sá einstaklingur, karla eða kona, sem næstur kemur að atkvæðamagni. Varastjórn skulu skipa sá karl og sú kona sem flest atkvæði hljóta í kjörinu. Sé ekki í framboði nægur fjöldi frambjóðenda af hvoru kyni til þess að uppfylla skilyrði um kynjahlutföll skal starfandi stjórn boða til nýs hluthafafundar innan mánaðar þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.“*

Í því skyni að koma í veg fyrir að lengja þurfi hluthafafundi með endurteknum atkvæðagreiðslum til að tryggja jöfn kynjahlutföll, er lagt til ofangreint fyrirkomulag.

#### **d. Að heimila rafræna framkvæmd hluthafafunda**

Lagt er til að við 10. gr. samþykkt félagsins bætist tvær nýjar málsgreinar, 5. og 6. mgr., sem hljóði svo:

*„Stjórn félagsins er heimilt að ákveða að hluthafar geti tekið þátt í fundarstörfum hluthafafunda með rafrænum hætti, þar með talið greitt atkvæði, án þess að vera á fundarstað. Ákveði stjórn að nýta þessa heimild skal hennar sérstaklega getið í fundarboði og leiðbeiningar varðandi þátttöku veittar. Skal hluthafi sem hyggst nýta sér rafræna þátttöku tilkynna skrifstofu félagsins þar um með skriflegum hætti eigi síðar en fimm dögum fyrir boðaðan hluthafafund. Tilkynningunni skulu fylgja skriflegar spurningar er varða dagskrá fundarins eða framlögð skjöl, óski þeir svara á fundinum.“*

*Telji stjórn félagsins ekki vera fyrir hendi ástæður eða aðstæður til að bjóða upp á þátttöku með rafrænum hætti skal hluthöfum þó veittur kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Í fundarboði skal kveðið á um framkvæmd atkvæðagreiðslunnar. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir auglýstan hluthafafund. Að öðru leyti en hér er kveðið á um skal um rafræna þátttöku og/eða rafrænar atkvæðagreiðslur gilda ákvæði 80. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, sbr. síðari breytingar.“*

Samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eru stjórnir fyrirtækja hvattar til þess að stuðla að því að hluthafar geti beitt ákvörðunarvaldi sínu og komið sjónarmiðum sínum á framfæri, m.a. með því að gera þeim kleift að taka þátt í hluthafafundi rafrænt, að hluta til eða að fullu, þ.m.t. að greiða atkvæði án þess að vera á staðnum. Samkvæmt 80. gr. a. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er félögum, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði, skylt að gefa hluthöfum kost á að greiða atkvæði um mál, sem eru á dagskrá hluthafafundar, bréflega eða rafrænt.

Fundarstjóri gaf orðið laust um þessar tillögur stjórnar en enginn óskaði eftir að taka til máls. Fundarstjóri lagði til að tillögurnar yrðu allar bornar undir atkvæði í einu og samþykktu fundarmenn þá tilhögun. Breytingatillögurnar voru samþykktar samhljóða með tilskildum auknum meirihluta atkvæða.

#### **e. Að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, sem verður viðauki við samþykktirnar**

Fundarstjóri gerði þá grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar:

*„Félaginu er heimilt, í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, að kaupa allt að 10% af eigin hlutum í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfavíðskipti og regluverða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar.“*

Heimild þessi um kaup á eigin hlutum er samhljóða heimild frá síðasta aðalfundi. Í samræmi við 30. gr. samþykktu félagsins verður heimildarinnar getið í sérstökum viðauka við samþykktir félagsins, fáið hún samþykkt, sem kemur í stað viðauka sama efnis í gildandi samþykktum.

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá en enginn kvaddi sér hljóðs. Tillagan var þá borin undir atkvæði fundarmanna og hún samþykkt samhljóða.

#### **5. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta**

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar sem hann kvað vera efnislega samhljóða tillögu að arðgreiðslustefnu sem samþykkt hafi verið á síðasta aðalfundi félagsins:

*„Fjarskipti hf. stefna að því að greiða hluthöfum árlega arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni.*

*Við mótnun tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til:*

- markmiða fjárstýringarstefnu félagsins
- markaðsaðstæðna
- fjárfestingarþarfar félagsins.“

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn kaus að taka til máls. Tillagan var borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða.

#### **6. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins**

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn legði til óbreytta starfskjarastefnu frá síðasta aðalfundi.

Fundarstjóri gaf orðið laust.

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs, fékk orðið. Sagði hann að Gildi myndi greiða atkvæði með fyrirbyggjandi starfskjarastefnu félagsins en sjóðurinn væri með skilaboð til stjórnar sem þeir óskuðu eftir að verði bókuð í fundargerð aðalfundarins. Las Árni eftirfarandi bókun fyrir fundarmenn:

*„Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir því að eftirfarandi verði fært til bókar í fundargerð hluthafafundarins:*

1. Samkvæmt hluthafastefnu Gildis telur sjóðurinn rétt við ákvörðun launa forstjóra að líta til innri þátta félags, launadreifingar innan þess og launa sem ætla má að forstjóra bjóðist á þeim markaði sem félagið starfar á. Í þessu samhengi leggur sjóðurinn áherslu á heildarlaun. Fram kemur í starfskjarastefnu Fjarskipta hf. að kjör framkvæmdastjóra skulu vera samkeppnishæf.

*Ef félög ákveða að notast við árangurstengd launakerfi er eðlilegt að föst laun séu að sama skapi lægri, samanborið við félög þar sem slík árangurstengd kerfi eru ekki til staðar.*

- 2. Samkvæmt hluthafastefnu Gildis er lögð áhersla á að starfskjarastefnur greini hvernig þær styðji við langtímahagsmuni og sjálfbærni félaga og að sett séu fram skýr skilyrði og forsendur fyrir föstum og árangurstengdum launagreiðslum. Mikilvægt er í því samhengi að helstu mælikvarðar komi fram í stefnunni og að þeir séu viðeigandi og á grundvelli þátta sem stjórnendur geta haft áhrif á og/eða stýrt í störfum sínum. Jafnframt er gert ráð fyrir að greint sé frá því hversu háar árangurstengdar launagreiðslur geta orðið, þannig að hámarks- og takmarks- komi fram í stefnunni sjálfri. Því er beint til stjórnar félagsins að taka starfskjarastefnu félagsins til endurskoðunar með þessi atriði í huga með það að markmiði að lýsa með greinargóðum hætti því launakerfi sem notast er við innan félagsins.*
- 3. Mikilvægt er að stjórn félagsins rökstyðji hverju sinni starfskjör stjórnenda og fjárhæð þeirra, þ.m.t. breytilega launaliði ef þeim er fyrir að fara og breytingar á milli ára ásamt sundurliðun á föstum og breytilegum greiðslum. Af þessum sökum er mikilvægt að gerð sé skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu og að hún sé birt með góðum fyrirvara fyrir aðalfund. Því er beint til stjórnar félagsins að sundurliða framvegis greiðslur til stjórnenda í fastar og breytilegar greiðslur ef svo ber undir og að skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu verði útbúin og hér eftir birt með góðum fyrirvara fyrir aðalfund félagsins."*

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður félagsins, óskaði eftir að taka til máls. Kvað hann stjórn hafa reynt að leggja sig fram um að hafa starfskjarastefnu félagsins skýra. Félagið er með kerfi sem er nokkuð einstakt í kauphöll þar sem miðað er við raunhagnað félagsins. Þegar búið er að greiða öllum haghöfum félagsins er heimilt að nota umframhagnað til að umbuna stjórnendum samkvæmt ákvæðum starfskjarastefnunnar. Hann kvað þetta hafa verið til umfjöllunar á nokkrum aðalfundum félagsins en sjálfsagt væri að verða við þessari beiðni sem lögð hefði verið fram af hálfu Gildis líffeyrissjóðs um að greina í ársreikningi milli breytilegra og fastra greiðslna stjórnenda félagsins.

Fleiri óskuðu ekki eftir að taka til máls.

Tillaga stjórnar um óbreytta starfskjarastefnu borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða.

## **7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir árið 2018**

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögu stjórnar:

*„Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:*

- a) Stjórnarformaður fái kr. 600.000 á mánuði.*
- b) Aðrir stjórnarmenn fái kr. 300.000 á mánuði.*
- c) Varastjórnarmenn og kosnir meðlimir tilnefningarnefndar fái kr. 120.000 fyrir hvern setinn fund.*
- d) Formenn undirnefnda fái kr. 120.000 á mánuði.*
- e) Aðrir nefndarmenn undirnefnda fái kr. 60.000 á mánuði.*
- f) Greiðslur til endurskoðenda skulu vera samkvæmt reikningi."*

Lagt er til að stjórnarlaun og laun nefndarmanna undirnefnda og tilnefningarnefndar hækki milli ára um 10%. Skýrist tillagan af auknu umfangi starfseminnar í kjölfar kaupa á tilteknum eignum og rekstri 365 miðla hf., almennri launapróun og samanburði við önnur skráð félög á markaði.

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn óskaði eftir að taka til máls. Tillagan var þá borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða.

## 8. Kosning stjórnar félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að sjálfkjörið væri í stjórn félagsins og óskaði hann stjórnarmönnum til hamingju með endurkjör í stjórn félagsins.

Stjórn félagsins skipa því Anna Guðný Aradóttir, Heiðar Guðjónsson, Hildur Dungal, Hjörleifur Pálsson og Yngvi Halldórsson. Varamenn eru Baldur Már Helgason og Tanya Zharov.

## 9. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að sjálfkjörið væri í tilnefningarnefnd félagsins. Auglýst var eftir framboðum og bárust tvö framboð frá þeim Presti Olaf Sigjónssyni og Ragnheiði S. Dagsdóttur.

Fundarstjóri óskaði þeim til hamingju með kjörið.

## 10. Kosning endurskoðanda félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn félagsins legði til við aðalfund að Deloitte ehf. verði endurskoðunarfélag félagsins.

Innti fundarstjóri fundarmenn eftir því hvort tillaga væri um aðra. Þar sem svo var ekki var tillagan borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt samhljóða.

## 11. Önnur mál löglega upp borin

Fundarstjóri upplýsti að engin önnur mál væru á dagskrá fundarins og engar löglegar tillögur verið bornar upp. Gaf hann því næst orðið laust.

Heiðar Guðjónsson, stjórnarformaður félagsins, tók til máls og þakkaði fundarstjóra fyrir rögg sama fundarstjórn. Vildi hann sérstaklega taka fram að þrátt fyrir að aðalfundur sem þessi gengi smurt fyrir sig þá væru mismunandi skoðanir milli stjórnarmanna og milli hluthafa. Í anda góðra stjórnarhátta vildi stjórn gjarnan ræða þessar mismunandi skoðanir og væri tilurð tilnefningarnefndar að hluta til til þess. Stjórn hvetur hluthafa til þess að setja sig í samband og lýsa skoðunum sínum fyrir stjórn, enda mikilvægt að góð samskipti séu milli stjórnar félagsins og hluthafa þess. Þakkaði Heiðar að lokum stjórn fyrir gott samstarf.

Fleiri óskaði ekki eftir að taka til máls undir dagskrárliðnum önnur mál og var dagskrá fundarins því tæmd.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund og gerði að tillögu sinni að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð. Var tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki. Var fundi slitið kl. 16.45.

Framangreint staðfestist hér með.

  
Kristinn Hallgrímsson hrl., fundarstjóri

  
Ragnheiður Þorkelsdóttir hdl., fundarritari